

20. Sp.: Hvert fara þeir sem deyja?

Sv.: Líklega ekki langt í burtu.

21. Sp.: Er til nokkur sjerstakur hnöttur, sem þeim er ætlaður til bústaðar?

Sv.: Líklega ekki. Anda-heimurinn getur vel verið nærri oss, og vera má, að þúar hans geti farið úr einum stað í annan eftir því, sem skylda eða gedþekni býður.

22. Sp.: Hafa andar mynd eða líkama?

Sv.: Líklega; en samt þeirrar tegundar, sem vjer vitum lítið eða ekkert um, enn sem komið er.

23. Sp.: Hvers vegna vitum vjer það ekki?

Sv.: Þekkingin sprettur af reynslunni, og hingað til höfum vjer ekki haft neina reynslu, sem gæti frætt oss um þessa hluti.

24. Sp.: Hvað gera þessar andlegu verur?

Sv.: Læra og lifa sínu lífi, eins og vjer gerum hjer. Getur líka verið, að þær þjóni, leiði og hjálpi oss á marga vegu, þó vjer eigi sjáum þær.

25. Sp.: Ættum vjer þá að kvíða fyrir að deyja?

Sv.: Nei, eftir að vjer höfum numið það, sem jörðin sjálf getur kennt oss, ættum vjer að búast við, að vjer munum fara áfram og upp á við til þessa æðra lífs.

26. Sp.: Hverja munum vjer þar finna?

Sv.: Alla hina miklu og gífugu menn allra liðinna alda. Líka vora eigin ástvini, sem farnir eru.

27. Sp.: Daudinn er þá ekki merki um reiði guðs við oss?